Ed.

# 454. Frumvarp

til fjáraukalaga fyrir árin 1908 og 1909.

Eins og það var samþykt við 2. umr. í Ed.

1. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í fjárlögunum fyrir árin 1908 og 1909 veitast kr.: 115,115,10 til gjalda þeirra, sem tilfærð eru í 2.—6. gr. hér á eftir.

2. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem talin eru í 12. gr. fjárlaganna til læknaskipunarinnar, veitist á eftir 10. lið 1.

| | |
|---|---|
| Til þess að fullgera sóttvarnarhúsið á Seyðisfirði (þar af endurveiting 1168 kr. 69 aur.) | kr. 2295,00 |
| Styrkur til Sæmundar læknis Bjarnhéðinssonar til þess að sækja holdsveikislæknamót í Björgvin | — 600,00 |
| | kr. 2895,00 |

3. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem talin eru í 13. gr. fjárlaganna til samgöngumála veitist

| | | |
|---|---|---|
| Við A. 4. | Til peningageymsluklefa í pósthúsinu alt að | kr. 800,00 |
| Við B. II. | Til Reykjadalsbrautar með brú á Laxá | — 10,000,00 |
| | Til að fullgera Fagradalsbrautina | — 11,500,00 |
| | Til nauðsynlegrar umbótar á Holtavegi, Eyrarbakkabraut, Eyjafjarðarbraut m. m. | — 15,000,00 |
| | Til að vernda Eyrarbakkabrautina niður Breiðumýri fyrir skemdum af vatnságangi, gegn því tillagi annarstaðar frá, sem nægi til að fullgera verkið | — 1,600,00 |
| | Til að bæta torfærur á Grímsnesbraut beggja megin Sogsbrúar | — 10,000,00 |
| Við B. III. | Til brúargerðar á Gríshólsá | — 2,000,00 |
| | Til brúarinnar á Jökulsá á Dal hjá Hákonarstöðum (þar af endurveiting kr. 0,79) | — 258,93 |
| Við C. 2 e. | Til viðbótar við styrk árið 1909 til bátaferða frá Langanesi til Hornafjarðar | — 4,000,00 |
| | Að því tilskildu, að báturinn fari eftir samkomulagi við sýslunefnd Vestur-Skaftafellssýslu að minsta kosti 3 ferðir til Víkur og Vestmannaeyja. | |
| Við D. II. 6. | Gegn því, að í stað ráðgjörðs $3._{8}$ m/m koparsíma frá Reykjavík til Selfoss og 4 m/m járnsíma þaðan að Eystri-Garðsauka, sé notaður $4._{5}$ m/m járnþráður alla leið, má draga 10,000 krónur frá tillagi því, sem heimtað er í fjárlögunum til símalínu þessarar af Árnes og Rángárvallasýslum. Tillaginu frá Árnessýslu skal verja til hliðarlínunnar frá Selfossi niður á Eyrarbakka og Stokkseyri. | |
| | Til talsímalagningar frá Ísafirði til Hnífsdals og Bolungarvíkur ... kr. 8,000,00 | |
| | Hér af væntist frá hlutaðeigandi héruðum ... — 2,000,00 | |
| | | — 6,000,00 |
| Við D. bætast 2 nýir liðir: | | |
| 1. | Af kostnaði við símalínu frá Kalastaðakoti til Akraness | — 7,400,00 |
| | Veitist með því skilyrði, að Borgarfjarðarsýsla og Mýrasýsla greiði samtals 5,400 krónur til þessarar línu og til línunnar frá | |
| | flyt | kr. 68,558,93 |

| | | | |
|---|---|---|---|
| | | flutt: kr. | 68,558,93 |
| | Grund eða Varmalæk til Borgarness, og fellur þá burtu það sérstaka tillag, sem í fjárlögunum er áskilið til Borgarnesálmunnar. | | |
| | 2. Fé því, sem sparast hefir af þeim upphæðum, sem veittar eru í 13. gr. D. II. 1., 2., 4., 5., 7.,8., 9. og 10. í fjárlögunum má verja til þess að kaupa landssjóði til handa einkalínurnar frá Seyðisfirði og Egilsstöðum til Eskifjarðar og Norðfjarðar, þannig, að hlutaðeigandi sýslufélög, auk þeirra 4000 kr., sem lagðar hafa verið til Eskifjarðarlínunnar, taki að sér 5000 kr. af landssjóðsláni því, er á símunum hvílir. Í viðbót má verja alt að . | — | 6,000,00 |
| | Það skal í skilyrðum haft við stofnsetning og framhald talsímastöðva til almenningsnota á framangreindum símaleiðum, að hrepparnir ábyrgist og kosti að sínum hluta starfrækstuna eftir þeim reglum, sem nú gilda um stofnun venjulegra landsímastöðva, og stjórnin nánar ákveður. | | |
| Við E. | 1. Til þess að setja lítinn aukavita við Reykjanesvitann | — | 2,500,00 |
| | 2. Til þess að setja bráðabirgðavita á Öndverðarnes | — | 3,500,00 |
| | 3. Til útgjalda við vitann á Siglunesi haustið 1908 og árið 1909 | — | 1,400,00 |
| | 4. Til aðgerðar á Elliðaeyjarvitanum | — | 700,00 |
| | 5. Til þess að endurreisa innsiglingarvarðann á Grímsey í Steingrímsfirði | — | 300,00 |
| | | kr. | 82,958,93 |

## 4. gr.

Sem viðbót við gjöld þau, sem veitt eru í 14. gr. fjárlaganna til kirkju og kenslumála, veitist:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við A. b. 4. | | kr. | 500,00 |
| Við B. III. | Til lagaskólans: | | |
| | b. 4. til bókakaupa | — | 800,00 |
| | b. 6. önnur útgjöld | — | 400,00 |
| Við B. V. | Til gagnfræðaskólans á Akureyri: | | |
| | 1. Til aðgerðar á skólahúsinu 1908 | — | 850,00 |
| | 2. Til aðgerðar á innanstokksmunum og til viðbótar þeim s. á (þar með baðáhöld) | — | 1,250,00 |
| | 3. Til leikfimishúss alt að | — | 2,000,00 |
| | 4. Til lampa og ljósáhalda alt að | — | 800,00 |
| | 5. Til kennarapúlta o. fl. alt að | — | 500,00 |
| | 6. Til tímakenslu alt að | — | 500,00 |
| Við B. VII. f. | Til viðbótar við námsstyrk við kennaraskólann | — | 900,00 |
| | Til viðgerðar við lóð skólans | — | 1,000,00 |
| | Til stofnunar æfingabekks við kennaraskólann og til kenslu í þeim bekk | — | 500,00 |
| | Til Jónasar Jónssonar frá Hriflu til þess að ljúka kennaranámi í Englandi | — | 500,00 |
| | | kr. | 10,500,00 |

## 5. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 15. gr. fjárlaganna til vísinda og bókmenta, veitist:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 1. | Til dyravarðar við Safnahúsið (síðara árið) | kr. | 600,00 |
| | Fyrir spjaldskrín (Card Cabinet) síðara árið | — | 720,00 |
| Við 7. | Til rannsókna og undirbúnings skrásetning fornmenja samkvæmt lögum 16. nóv. 1907, eftir reikningi alt að | — | 500,00 |
| | Til aðstoðar við umsjón á Forngripasafninu (síðara árið) | — | 500,00 |
| Við 38. | Fyrir veðursímskeyti til stöðvanna á Húsavík, Fáskrúðsfirði, Keflavík, Gerðum, Ísafirði, Flateyri, Þingeyri, Bíldudal og Patreksfirði; frá 1. nóvember 1903—31. desember 1909 | — | 2,800,00 |
| | | kr. | 5,120,00 |

6. gr.

Til viðbótar við gjöld þau, sem veitt eru í 16. gr. fjárlaganna til verklegra fyrirtækja, veitist:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Við 7. | Til þess að byggja fjós á Hallormsstað og gjöra að bæjarhúsum á Ormstöðum | kr. | 1,200,00 |
| Við 8. | 1. Til vegar fram hjá sandgræðslusvæði við Reyki á Skeiðum 1908 | — | 541,17 |
| | 2. Til vegar fyrir austan sama sandgræðslusvæði sumarið 1909, gegn því að það, sem á vantar, verði borgað annarstaðar frá | — | 2,000,00 |
| Eftir 16. | Til Iðnaðarmannafélagsins á Seyðisfirði til kveldskólahalds | — | 300,00 |
| 21 a. | Þóknun til tveggja matsmanna á síld, öðrum á Siglufirði, hinum á Akureyri, 600 kr. til hvors | — | 1,200,00 |
| 21 b. | Utanfararstyrkur til sömu manna, til þess að kynna sér verkun á síld | — | 800,00 |
| Við 24. | Viðbótarstyrkur til hafskipabryggju í Stykkishólmi | — | 5,000,00 |
| Eftir 31. | 1. Til Hallgríms Benediktssonar, Jóhannesar Jósepssonar o. fl. til þess að sýna glímu við olympisku leikina í London sumarið 1908 | — | 2,000,00 |
| | 2. Til Tómasar Tómassonar, leiga fyrir Gullfoss árin 1908 og 1909 | — | 600,00 |
| | | kr. | 13,641,17 |

7. gr.

Eftirstöðvar af láni jafnaðarsjóðs Suðuramtsins til viðlagasjóðs til brúargjörðar á Ölfusá falli niður ásamt vöxtum frá 6. sept. 1907.

Úr viðlagasjóði má lána sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu alt að 8000 kr. til umbóta á bryggjunni á Blönduósi, er endurgreiðist með 6% á 28 árum.

Stjórninni veitist heimild til að lána úr viðlagasjóði til byggingarsjóðs 10,400 kr. til lúkningar ógreiddum kostnaði við hitaleiðslu í safnahúsbyggingunni til hlutafélagsins »Völundur«.

Búðarhreppi í Fáskrúðsfirði má veita 4000 kr. lán úr viðlagasjóði til símalagningar, með sömu kjörum, sem sýslufélögum eru veitt lán til landsímalagninga, samkvæmt 21. gr. núgildandi fjárlaga.